

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/59
komudagur 13.11.2008

KAPÓLSKI BISKUPINN Í REYKJAVÍK
THE CATHOLIC BISHOP OF REYKJAVÍK

REYKJAVÍK,
11. nóvember 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Allsherjarnefnd Alþingis hefur með bréfi dags. 28. október 2008 sent Kapólsku kirkjunni á Íslandi til umsagnar frumvarp til laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, 38. mál, útfarir, útfararþjónusta o.fl.

Um leið og ég þakka kærlega fyrir að hafa fengið frumvarpið til umsagnar leyfi mér að gera eftirfarandi athugasemdir eða tillögur varðandi það:

1. Kapólska kirkjan leggur áherslu á að hún hafi áfram heimild til að nota einkagrafreiti, svo sem þann sem er að baki Kristskirkju í Landakoti.
2. Klastrum í íhugunarreglum (sbr. Karmelklostrið í Hafnarfirði) verði áfram heimilt að hafa grafreit innan klausturveggjanna þar sem klausturbúar hljóti hinsta legstað við ævilok.
3. Heimild þyrfti að vera í lögunum um það að taka mætti upp líkamsleifar og skrinleggja þær ef slíks kynni að teljast þörf af trúarlegum ástæðum, sbr. upptöku beina og skrinlagningu Þorláks biskups helga í Skálholti þann 20. júlí 1198.

Með vinsemd og virðingu,

+P. Bürcher

Pétur Bürcher
Reykjavíkurbiskup